

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2014

094-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (endurútgefin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 530/2012 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 56m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„– **32012 R 0530**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 530/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.